

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Borgartún 8-16A.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 7. apríl 2021, breytingu á deiliskipulagi Höfðatorgs, með síðari breytingum, vegna lóðarinnar nr. 8-16A við Borgartún. Einnig lögð fram tillaga PK arkitekta frá 25. mars 2021 að skilmálabreytingu. Í breytingunni felst uppfærsla á skilmálatöflu og aukning á byggingarmagni ofanjarðar á byggingarreit H3. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Rökkvatjörn 2.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 15. janúar 2021, breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 2 við Rökkvatjörn. Í breytingunni felst að í stað einnar byggingar koma 3 punkthús með allt að 52 íbúðum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 15. apríl 2021.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 20. apríl 2021